

Garðabær

Námskrá leikskólans Akra

Febrúar 2014



Ábyrgðamenn
Sigrún Sigurðardóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir

Efnisyfirlit

Saga leikskólans	2
Gildi leikskólans.....	2
Að læra með því að framkvæma.....	2
Uppbyggingastefna	3
Hlutverk kennarans og annars starfsfólks.....	3
Námsumhverfi.....	3
Einingakubbar	3
Samstarf heimilis og skóla.....	4
Samstarf milli skólastiga.....	4
Leiðarljós leikskóla	4
Námsviðin	5
Læsi og samskipti	5
Heilbrigði og vellíðan	6
Sjálfbærni og vísindi	6
Sköpun og menning	7
Skipulag/daglegt líf í leikskólanum	7
Matur/kaffitímar	7
Samvera	7
Vinastund	7
Leikur og nám.....	7
Frjálsi leikurinn.....	7
Hópastarf	8
Val	8
Útivera.....	8
Vettvangsferðir	8
Heimspeki.....	8
Sérkennsla.....	9
Flæði- sameiginlegt val	9
Hátíðir og hefðir.....	9
Mat.....	10
Mat á námi og velferð barna.....	10
Mat á leikskólastarfi.....	10
Fylgiskjöl.....	11

Saga leikskólans

Leikskólinn Akrar var formlega opnaður 12. janúar 2012. Hann er fjöggra deilda leikskóli með 100 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, 25 börnum á hverri deild. Deildirnar fengu nöfnin: Mói, Lyng, Engi og Mýri. Settur var af stað hugmyndabanki á meðal starfsmanna á Ökrum og var ákveðið að velja þessi nöfn úr þeim hugmyndum sem komu og tengdust þau örnefnum úr hverfinu. Fyrstu önnina voru um 50 börn og 18 starfsmenn en haustið 2012 voru börnin orðin 100 og starfsmennirnir 32.

Gildi leikskólans

Virgni og vellíðan eru grunnildi leikskólans. Vellíðan barna er höfð í fyrirrúmi og starfið skipulagt út frá þátttöku og virkni barnanna í öllu starfinu. Sköpun, læsi, útikennsla og tenging við samfélagið kemur til með að skipa stóran sess. Börnin læra af eigin reynslu með því að skynja námið á eigin hátt. Mikilvægt er að efla sköpunarkraft, athafnagleði og forvitni barnsins, vekja áhuga þess og hvetja til gagnrýnnar hugsunar. Skapa þarf barninu uppeldisumhverfi sem örvar þroska þess á virkan hátt með hæfilega erfiðum viðfangsefnum og möguleikum til sjálfstæðra rannsókna og athugana. Lögð er áhersla á að hvetja og kenna börnunum sjálfshjálpi sem miðast við aldur og þroska barnanna, það stuðlar að sjálfstæði og ábyrgð ásamt því að styrkja sjálfsmynd barnanna. Skapandi starf á að koma fram í öllum þáttum leikskólastarfsins, þar með talið myndsköpun, tónlist, leikræn tjáning og dans. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess og skipar umhyggja stóran sess í leikskólastarfinu. Börnin þurfa að finna að þau eru mikilvæg. Umhyggja og góð tengsl eru í forgrunni í öllu daglegu starfi og er forsenda fyrir vellíðan og virkni.

Að læra með því að framkvæma

Leikskólinn Akrar sækir í hugmyndfræði kennismiðsins John Dewey. Hann var uppi á árunum 1859-1952. Hann stofnaði, ásamt eiginkonu sinni tilraunaskóla þar sem hann hvarf frá hinum hefðbundnu hugmyndum um utanbókarlærdóm og yfirheyrslu sem einkenndu mest allt grunnskólastarf í Bandaríkjunum á þessum tíma. Í staðinn áttu börn að leysa verkefni með því að framkvæma undir stjórn kennarans. Kennarinn hafði það hlutverk að vera verkstjóri og leiðbeinandi og átti að sjá til þess að börnin hugsuðu og ræddu um það sem þau voru að gera. Hann kallaði það athafnarnám (e. learning by doing). Dewey hafði þá sýn á barnið, að það sé fullgildur meðlimur samfélagsins og hafi eitthvað til málanna að leggja. Hugmyndir Dewey's um hinn góða skóla sem sinnir þörfum barnsins eru lýðræðislegar. Hann gerir ráð fyrir að allir eigi hlutdeild í ákvörðunartökunni og ágreiningur sé tækifæri til náms og þroska þegar allir eiga þátt í að ræða og móta lausn hans. Barnið verði að vera þátttakandi í ferlinu við að skilja, vita og geta. Virkja verður eðlislæga forvitni og sköpunargleði barnsins og hvetja það til þess að rannsaka umhverfi sitt. Hlutverk kennarans er að nota sína þekkingu og reynslu til þess að vekja áhuga og hvetja börnin til frekari rannsókna og upplýsingaleita til þess að þau geti aukið við sinn reynslu- og þekkingarheim.

Uppbyggingastefna

Uppbyggingarstefnan snýst að mestu um samskipti en minna um kennsluáðferðir. Ef samskipti eru góð og gefandi þá má byggja á þeim árangursríkt nám. Þetta er aðferð við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum. Markmiðið er að þjálfa börn í að vera þau sem þau vilja vera út frá eigin sannfæringu en ekki bara að geðjast öðrum.

Höfundur hugmyndafræðinnar er Diane Gossen. Byggir hún meðal annars á kenningum William Glasser um að við höfum öll innbyggðar ákveðnar félagslegar grunnþarfir sem við erum alltaf að reyna að uppfylla. Þarfirnar eru fimm og eru þær Ást og umhyggja, Áhrifavald, Frelsi og sjálfstæði, Ánægja og gleði og Öruggt líf. Áhersla er lögð á að kenna börnunum að þekkja grunnþarfir sínar og er unnið markvisst að því að styrkja þau í að efla sjálfsskilning, ábyrgðarkennd og skapa sér sjálfstæðan lífsstíl. Öll hegðun sem við veljum að framkvæma stýrist af þessum þörfum og er tilraunir okkar til að uppfylla þá þörf sem knýr mest á hjá okkur hverju sinni á jákvæðan hátt. Stundum tekst okkur vel upp, stundum illa. Þetta er sú stefna sem við í leikskólanum Ökrum munum tileinka okkur.



Hlutverk kennarans og annars starfsfólks

Mikilvægt er að kennarinn sé til staðar, í leik og öllu daglegu starfi. Kennarinn þarf að sýna börnunum umhyggju og stuðla að jákvæðum samskiptum. Kennarinn á að grípa áhuga og hugmyndir barnanna, nýta forvitni þeirra og ímyndunarafli. Kennarinn á að vera hvetjandi og styðjandi, hrósa og spyrja opinna spurninga. Mikilvægt er að hvetja börn til að taka ábyrgð miðað við aldur og þroska og styðja sjálfstæði þeirra. Einnig að aðstoða börnin við leik og samskipti. Gott er að nota stutt og einföld fyrirmæli.

Námsumhverfi

Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks. Það þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja. Umhverfi leikskóla



þarf að vera sveigjanlegt þannig að börn geti nýtt það á ýmsa vegu og farið frjálst frá einum stað til annars, fengið hugmyndir og nýtt efnivið sem þar er að finna.

Akrar er bæði með lokuð og opin rými. Opnu rýmin sem tilheyra deildunum eru frammi á gangi og ná alveg inni sal. Við leggjum áherslu á að nýta húsnæðið og garðinn þannig að börnin eru ekki öll úti í einu. Markmiðið er að gefa börnunum meira svigrúm bæði úti og inni. Mikilvægt er að vinna með opinn efnivið þ.e.a.s. það leikefni sem leika má með á hvern þann hátt sem hugmyndaflug barnsins nær yfir. Kubbar skipa stóran sess í starfinu hjá okkur og má þar t.d. nefna einingakubba, holukubba, kaplakubba,

legokubba og duplokubba. Efni eins og vatn, leir, sandur, málning, ýmis konar verðlaust efni t.d. mjólkurfurnur, kassa undan morgunkorni, efnisbútar, ónýtir geisla diskar og margt fleira. Lögð verður áhersla á teymisvinnu meðal barna, starfsmanna og foreldra.

Einingakubbar

Caroline Pratt hannaði einingakubbana um aldamótin 1900 og fór hún sínar eigin leiðir í kennslunni og lagði mikla áherslu á leikinn sem námsleið. Einingakubbarnir eru opinn efniviður sem býður upp á fjölbreytta möguleika. Á hverri deild er einingakubbahilla með þeim fjölda kubba sem hentar aldri og

þroska barnanna sem þar eru. Hægt er að bæta við kubbum og öðrum efnivið t.d. töppum, efnisbútum, dýrum o.fl. Á hverri deild eru möppur með kynningu á kubbunum og markvissum einingakubbastundum fyrir allan aldur. Leikskólinn leggur mikið upp úr vinnu með opinn efnivið og leggjum við áherslu á vinnu með einingakubba.

Samstarf heimilis og skóla

Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. Á Ökrum er Þátttökuaðlögun, í henni kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. **Öruggir foreldrar = örugg börn.** Deildarstjóri ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og tengslum við foreldra, en lögð er áhersla á gagnkvæm samskipti.

Í leikskólanum er foreldraráð og foreldrafélag. Foreldraráð starfar skv. ákvæðum 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Í foreldraráði eiga sæti a.m.k. þrjú fulltrúar sem eru kosnir á aðalfundi ár hvert. Foreldrafélagið sér um 1-2 leiksyningar á ári, sveitaferð og sumarhátíð og jólagjöf til barnanna frá jólasveininum.

Samstarf milli skólastiga

Í Garðabæ er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla sem ber heitið „Brúum bilið“. Markmið með verkefninu er að efla samstarf milli skólastiga og auka samfellu í námi barnanna. Einnig að auðvelda börnunum aðlögun á milli skólastiganna. Að auki er tilgangur samvinnunnar að auka skilning leik- og grunnskólakennara á kennsluaðferðum beggja skólastiga. Samstarfsverkefnið felur í sér gagnkvæmar heimsóknir kennara og nemenda á milli skólastiga. Elstu börn leikskólans fara í reglulegar heimsóknir í grunnskólann, u.þ.b. 4-5 x á vetri. Nemendur 1.bekkjara heimsækja einnig sinn fyrri leikskóla 1x á vetri. Af og til fer elsta deild leikskólans einnig í heimsóknir í íþróttasal grunn- og framhaldsskólans, í Mýrinni.

Leiðarljós leikskóla

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í leikskóla á velferð og hagur barnsins að vera leiðarljós í öllu starfi. Það á að veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja skal áherslu á að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo allir hafa gaman að. Starfsfólk leikskóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins. Eftirfarandi leiðarljós eiga að vísa leikskólanum Ökrum veginn í mótun leikskólastarfs.

- Starfshættir leikskólans eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.
- Í leikskólanum á að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings.
- Í leikskólanum á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- Leikskólinn á að vera samfélag þar sem hver einstaklingur nýtur virðingar og leggur sitt af mörkum.
- Leikskólastarfið skal byggjast á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika


mannlífsins og öðrum menningarheimum.

- Í leikskólanum eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.
- Starfshættir leikskólans eiga að hvetja til gagnrýnninnar hugsunar og gefa börnum færi á að virkja sköpunarkraft sinn.

Námssviðin

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósi leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla. Námssvið leikskólans

eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar sem eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýnninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum. Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dýra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Í starfi með börnum tvinnast grunnþættirnir sex inn í öll námssviðin. Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.



Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Við leggjum áhersla á jákvæð og uppbyggilega samskipti strax þegar börnin mæta í leikskólann. Kennarar taka vel og hlýlega á móti börnunum þannig foreldrum og börnum líður vel.

Markmið okkar á Ökrum til að vinna með Læsi og samskipti.

- Styrkja sjálfsmynd og efla félagsfærni
- Kenna læsi í öllum/ flestum myndum/merkingum
- Fari héðan full af sjálfstrausti
- Góð í að eiga samskipti
- Læsi í aðstæður/umhverfi/fólk
- Virkni og vellíðan
- Á leikskólanum kennum við börnunum að læra á eigið samfélag og menningu. Einnig verða þau að læra að bera virðingu fyrir öðru samfélagi og annarri menningu.

Í fylgiskjölum er hægt að sjá nákvæmar hvornig við ætlum að stuðla að þessum markmiðum.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan og hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess og skipar umhyggja stórann sess í leikskólastarfi. Lögð er áhersla á að taka vel á móti börnunum þegar þau mæta í skólann, mikilvægt fyrir börnin að finna að þau séu mikilvæg. Umhyggja og góð tengsl eru í forgrunni í öllu starfinu yfir daginn og forsenda fyrir vellíðan og virkni barnanna.

Markmið okkar á Ökrum til að vinna með heilbrigði og vellíðan.

- Að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan og góðri heilsu barnanna
- Að efla jákvæða sjálfsmynd barnanna
- Að skapa umhverfi sem hvetur til hreyfingar og gefa næga tíma og rými fyrir hreyfingu
- Að hvetja börn til hollustu með hollu fæði og fróðleik
- Að kenna börnum líkamlega umhirðu og hreinlæti

Í fylgiskjöllum er hægt að sjá nákvæmar hvernig við ætlum að stuðla að þessum markmiðum.



Sjálfbærni og vísindi

Algengasti skilningurinn á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.

Markmið okkar á Ökrum til að vinna með Sjálfbærni og vísindi.

- Skila öllu af okkur í sama eða betra ásigkomulagi en við komum að því.
- Endurnýta allt sem hægt er.
- Kynnast ferli hluta í gegnum tilraunir.
- Uppgötvunarnám/Læra með því að framkvæma. (Learning by doing)
- Leyfa forvitni barnsins að ráða ferðinni.
- Kynnast fjölbreyttum leiðum upplýsingatækninnar.
- Kynnast fjölbreyttri náttúru og dýralífi.

Í fylgiskjöllum er hægt að sjá nákvæmar hvernig við ætlum að stuðla að þessum markmiðum.

Sköpun og menning

Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Allt skipulag og búnaður í leikskóla á að ýta undir forvitni, frumkvæði, áhuga og örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Markmið okkar á Ökrum til að vinna með Sköpun og menningu.

- Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleði og virkni barnsins. Þó svo sköpunin sé mikið tengd myndlist er hana þó að finna í flest öllu öðru starfi og leik barnanna. Kubbaleikur er t.d. mjög ríkjandi í starfinu á Ökrum en þar blómstra börnin oft í að skapa byggingar.
- Börnin eiga að fá tækifæri til að skapa hefðir og menningu skólans með hátíðum og viðburðum, njóta fjölbreyttrar menningar og lista.
- Söngur/tónlist: Söngur í mismunandi útfærslum, takt, hrynjanda og tjáning. Þjálfun fyrir tóneyra, rytma og takt, tjáningu. Tónlist hefur mikil áhrif á tilfinningar. Hún getur verið slakandi, örvandi, gleðileg, sorgleg o.s.fv.

Í fylgiskjöllum er hægt að sjá nákvæmar hvernig við ætlum að stuðla að þessum markmiðum.

Skipulag/daglegt líf í leikskólanum

Hver deild vinnur eftir ákveðnu dags skipulagi sem inniheldur samverustundir, hópastarf, útiveru, matar og kaffitíma og hvíld. Það er mismunandi eftir deildum hvernig það skipulag er.

Matur/kaffitímar

Matartíminn er róleg og notaleg stund þar sem allir er virkir og taka þátt í umræðum. Börnin læra að borða fjölbreytt og hollt fæði og fræðast um mikilvægi þess og hvött á jákvæðan hátt til þess að smakka. Börnin eru virkir þátttakendur í undirbúningi málsverða og hafa hlutverk.

Samvera

Að allir séu virkir og taki þátt í samverustundum. Að efla jákvæða sjálfsmynd, frumkvæði og sjálfstæði. Að stuðla að vellíðan með skemmtun og gleði meðal annars með sögum, tónlist og leikjum. Samræður út frá áhugasviði barnanna. Spyrja opinna spurninga. Kynnast fjölbreyttri menningu og þjóðlegum siðum.

Vinastund

Á föstudögum koma allir inn í sal og syngja saman. Það skiptist á milli deilda að sjá um vinastund og einnig er þetta kjörinn vettvangur fyrir ýmsar uppákomur. Með vinastund aukum við gleði og eflum við leikskólann sem eina heild.

Leikur og nám

Frjálsi leikurinn

Leikurinn er mikilvægasta námleið barnsins og börnin fá stuðning og hvatningu til þess að þróa leikinn. Börnin fá frelsi til þess að leika sér og upplifa þá gleði sem leikurinn gefur, það eflir bæði andlega og líkamlega. Að efla félagsfærni barnanna, með því að styðja við leikinn og kenna samskipti, læra að leysa deilur og ágreining á jákvæðan hátt. Að gefa leiknum nægan tíma og rými með því að hafa dagskipulagið rúmt og hæfilega skipulagt með sveigjanleika. Að jafnvægi sé á milli skipulagðra leikstunda og frjáls leiks.

Hópastarf

Í hópastarfi er lögð áhersla á að byggja upp traust og öryggi. Æfa sig í að tilheyra hópi, efla félagsfærni og vináttu, stuðla að samvinnu og samkennd, efla sjálfstæði og frumkvæði og æfa sig að fara eftir fyrirmælum. Farnar eru misjafnar leiðir að sömu markmiðum eftir aldri og þroska barnanna. Í hópastarfi er farið inn á öll námssvið leikskóla. Verið er að vinna að aldurstengdri námskrá og mun hún birtast seinna sem fylgiskjal.

Val

Á hverri deild eru valspjöld sem stundum er notuð utanum frjálsa leikinn. Notast er við sjónrænt skipulag þar sem leikefni og leiksvæði eru sýnileg. Með auknum aldri og þroska hafa börnin meira um það að segja hvaða leikefni er í boði á hverju svæði og einnig lengist leiktíminn.

Útivera

Öll börn fara út að minnsta kosti einu sinni á dag. Með reglulegri útiveru læra börnin að njóta mismunandi veðráttu. Börnin fá útrás fyrir orku, gleði og skapandi leiki. Útisvæðið okkar er krefjandi og hvetur til fjölbreyttrar hreyfingar.



Vettvangsferðir

Í vettvangsferðum kynnast börn nánasta umhverfi sínu, ýmsum kennimerkjum í bæjarfélaginu og sögu þeirra. Með því að fara með börn út í náttúruna og njóta hennar læra þau betur að virða hana. Fjölbreytileiki náttúrunnar er mikilfenglegur og eru börn næm á að taka eftir öllu því smáa og stóra í henni og okkur beri að nýta þann áhuga þeirra. Eldri börnin fara í lengri og fleiri vettvangsferðir eins og t.d. lengri ferðir innan Garðabæja, skoða miðbæ Reykjavíkur, húsdýragarðinn, Árbæjarsafnið og margt fleira.

Heimspeki

Börn eru yfirleitt ófeimin við að spyrja allskonar spurninga sem við erum oft fljót að gefa svör við. Í heimspeki er framkvæmdin þannig að öll börn taka virkan þátt. Þeim er kennt að alla skoðanir hafa rétt á sér og einnig er þeim gefin kostur á að skipta um skoðun. Í heimspeki gefst börnum kostur á að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri á eigin forsendum. Þetta gefur barninu tækifæri á að efla sjálftraust sitt og áráðni í tjáskiptum. Börn hafa þörf fyrir að nota reynslu sína sem tilgang í lífinu. Þau vilja geta fært rök fyrir því hver ástæðan er og hvað er áhugavert í þeirra lífi. Sýna fram á að hugsun þeirra hafi rétt á sér, og vera styrkt í þeirri fullvissu. Leikir eru vinsælir í heimspekikennslu og sérstaklega nytsamlegir í fyrstu kennslustundum með nýjum hópum. Á Ökrum eru öll börnin á Mýri í heimspeki. Í hverjum hóp eru 5- 7 börn fer eftir aldri. Samræðan hefst oft á upphitunaræfingu. Börnin fá prik og þurfa að segja til nafns : Ég heiti og hvað heitir þú og réttir prikið til næsta barns. Að kjósa með fótunum er annar leikur sem er mjög skemmtilegur. Kennari lætur myndir á gólfið t.d. með dýrum eða fólki og barnið fær að velja sér mynd og þarf að rökstyðja fyrir hinum börnunum af hverju það valdi þessa mynd. Það er líka leyfilegt að skipta um mynd og þá þarf að rökstyðja það af hverju barnið valdi að skipta. Lesa sögur og spyrja spurninga er ein aðferðin í heimspekikennslu. Þá er lesin bók með heimspekilegum spurningum og börnin spyrja spurninga. Síðan er valin ein spurning til að ræða um. Börnin þurfa að hlusta á hvert annað virða skoðanir hvers annars, þora að tjá sig og efla sjálfsmynd sína.

Sérkennsla

- Nám án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám.

Unnið er út frá hugmyndum um nám án aðgreiningar en í því felst að allir hafi sama rétt og sömu tækifæri í barnahópnum og að margbreytileikinn fái að njóta sín. Komið er til móts við börn með mismunandi þarfir og börn frá mismunandi menningarheimum þannig að þau geti þroskast á eigin forsendum og notið leikskóladvalarinnar og fengið verkefni og kennslu við hæfi.

Öll börn í leikskólanum fá tækifæri til að njóta sín og lögð er áhersla á að styðja við og styrkja hæfileika og getu hvers og eins. Börn með fötlun og börn með frávík fá sérkennslu samkvæmt lögum og er meginreglan sú að sérkennslan fari fram í barnahópnum en einnig er unnið með barn einstaklingslega ef þörf þykir.

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn með frávík og er hún unnin í samvinnu við foreldra þar sem áhersluþættir fyrir viðkomandi barn eru ákveðnir og unnið er út frá þeim.

Áhersla er á að koma til móts við þarfir barna af erlendum uppruna þannig að þau öðlist öryggi og vellíðan í leikskólanum. Einn liður í því eru orðabækur sem eru samstarfsverkefni heimilis og skóla og auðveldar aðlögun og þátttöku barna með tvö eða fleiri tungumál.

Sérkennslustjóri hefur umsjón með sérkennslu í leikskólanum. Megin verkefni hans er að bera ábyrgð á og stjórna skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum í samráði við foreldra, deildarstjóra, þroskaþjálfara, leikskólasérkennara, leikskólastjóra og aðra sem koma að málefnum barnsins.

Flæði- sameiginlegt val

Einu sinni í viku er sameiginlegt val allra deilda leikskólans en þá flæða börn og starfsfólk um allan skólann. Leikskólanum er skipt upp í 7 svæði og er þema á hverju svæði.

Hvert barn og hver kennari velur sér svæði eftir áhuga. Leiktíminn er u.þ.b. klukkutími í senn og á hverju svæði fer fram fjölbreytt starf þar sem allir eru virkir. Með flæðinu eykst fjölbreytni í starfinu þar sem áhugi hvers og eins fær að njóta sín. Börn og kennarar kynnast þvert á deildir og við nýtum styrkleika hvers og eins. Í flæðinu lærum við hvert af öðru og styrkjum skólann sem eina heild.



Hátíðir og hefðir

- 12. janúar er afmælisdagur leikskólans og þá gerum við

eitthvað í tilefni dagsins.

- Þorralót, þá er borðað tvær deildar saman inn í sal og er boðið upp á hefðbundinn þorramat. Einnig er talað um gamlar hefðir og venjur.
- Bolludagur og sprengidagur, á bolludag eru fiskibollur í hádegismat og rjómabollur í kaffinu og á sprengidag er borðað saltkjöt.
- Öskudagur, þá er furðufata/grímubúninga ball.
- Ömmu og afakaffi snemma á vorin, þá eru öllum ömmum og öfum boðið í kaffi einn seinnipart.
- Opið hús, einn laugardag í byrjun maí eru allir leikskólar í Garðabæ með opið hús.
- Sveitaferð, þá fer allur leikskólinn í heimsókn á sveitabæ og skoðar dýrin.
- Útskrift, í maí er farið með elstu börnin í útskriftarferð og svo er útskriftaveisla haldin seinnipart í leikskólanum.



- Alþjóðlegi Bangsadagurinn, þá koma öll börn með bangsa í leikskólann.
- Aðventukaffi, snemma í desember eru foreldrar og systkin boðið í kakó og piparkökur sem börnin hafa bakað.
- Jólabball, þá koma börn og starfsmenn saman inn í sal og dansa í kringum jólatréð. Í hádeginu er hefðbundinn jólamatur.

Mat

Mat á námi og velferð barna

- Ferilmöppur
Ferilmappa er safn verka barna og námsferils. Börnin taka virkan þátt í að safna gögnum í þessar möppur og fjalla um þau. Fjölbreyttar leiðir eru við gerð og utanumhald ferilmöppu en tilgangur hennar er að efla ígrundun og mat á námi og þroska barns en einnig að gefa upplýsingar um framfarir þess og líðan. Mikilvægur liður í gerð ferlimöppu er ígrundun og mat á framförum barnsins í samvinnu starfsfólks, barnsins og fjölskyldu þess. Ferilmappa getur sagt sögu barnsins, hvað það getur og kann. Hún gefur einnig upplýsingar um áhugasvið þess, kunnáttu og hæfni.
- Elstu börnin
 - o Hljóm-2 – framkvæmt af kennurum innan skólans sem hafa til þess réttindi.
§ Öll elstu börn í Garðabæ fara í gegnum það próf
 - o Skimun á almennri þekkingu og færni – framkvæmt af talmeinafræðingi.
§ Öll elstu börn í Garðabæ fara í gegnum það próf

Mat á leikskólastarfi

Innra mat

- Reglulegir deildarfundir
- Reglulegir deildastjórafundir
- Reglulegir starfsmannafundir
- Reglulegir samráðsfundir sérkennsluteymis Garðabæjar, sérkennslustjóra skólans og leikskólastjóra
- Reglulegir samráðsfundir með leikskólafulltrúa
- Mat starfsmanna
- Mat barnanna
- Mat foreldra
- Mat á skólaárinu 2012-2013 var unnið þannig að allir deildarstjórar fóru með spurningar inn á deildarfundum og unnu deildarnar svörin í sameiningu. Á skipulagsdegi í apríl komu allir starfsmenn saman og var rætt um niðurstöður hvernar deildar fyrir sig og fundin sameiginleg leið.

Fylgiskjöl

Læsi og samskipti

Matur

Lögð áhersla á

- Börnin verði eins sjálfbjarga og hægt er
- Spjalla um námsefnið
- Kjörinn tími til málörvunar og samskipta
- Nota tákn með tali. Börnin læra að tákn hafi merkingar
- Leggja orð á athafnir
- Leggja inn orð/málefni og ræða saman
- Krefja/hvetja börnin um að tjá sig
- Hafa þetta rólega og góða tíma
- Kenna góðar matarvenjur og góða borðsiði
- Leyfa börnunum að velja eða bjóða þeim t.d. sósur, smjör, smurost o.þ.h
- Tákn og Ritað mál
- Borða hollt

Samvera

Lögð áhersla á

- Orðaspjall
- Börn geri tákn, hreyfingar með t.d. söngvum. Hreyfileikir
- Leiklesa sögur bæði með orðum og leik
- Orð vikunnar
- Orðaforði
- Læra að sitja kyrr. Vera góð við næsta barn
- Syngja. Læra söngtexta og lög
- Börn eiga rétt á krefjandi samveru við hæfi
- Samveran/verkefni þurfa að vera áhugaverð
- Veðurfræðingur. Leggur inn hvernig veðrið er og undirbýr börnin hvað þau eiga að fara í

Með því að ræða við börnin geta þau betur endurlifað reynslu sína og leggja þannig inní reynslubankann og læra.

Hópastarf

Lögð áhersla á

- Hlusta á sögur, orð tekin út og rædd
- Læra tungumálið.
- Orðaspjall
- Samskipti við kennara og önnur börn
- Læsi á umhverfi, samskipti o.s.frv.
- Læsi á listir, hreyfingu
- Ritað mál og tákn
- Læsi á stærðfræði t.d. með kubbum
- Börnin hafa mikinn áhuga á hópastarfi og vilja/biðja um hópastarf
- Læra að vera í hóp. Bíða, skiptast á, efla samvinnu og samkennd. Læra að röðin kemur að þeim
- Spila spil t.d. bingó. Vantar meira úrval af námsgögnum t.d. krefjandi spilum t.d. að para saman tvö eins eða setja saman andstæður
- Hópastarf þarf að vera vel undirbúið. Það þarf að hafa skýrt upphaf og skýran endi. Þau þurfa að

vita hvað þau eiga að fara að gera. Verkefni þurfa að vera skýr

Frjáls leikur

Lögð áhersla á

- Oft þarf að koma börnunum af stað í leik.
- Í frjálsum leik verður kennarinn oft að draga sig í hlé og fylgjast bara með
- Mikilvægt að börn læri að leika sjálf en kennari verður alltaf að vera á varðbergi ef eitthvað kemur uppá
- Skipulagt og afmarkað svæði svo börnin viti hvar þau eigi að leika og með hvað. Þannig að börnin læri að lesa í rýmið og aðstæður
- Læsi í samskipti, bæði við kennara og börn
- Börnin verða að læra samleik og samkennd, læra að skiptast á og deila leikföngum

Útivera

Lögð áhersla á

- Fataklefinn
- sjálfshjálp, leggja orð á athafnir
- Veðurfræðingur. Leggur inn hvernig veðrið er og undirbýr börnin hvað þau eiga að fara í
- Útileikir
- Hvetja börnin til þess að leika saman úti í fjölbreyttum leik
- Ef þú sérð einhvern einn að vafra, láttu þig það varða!
- Mikilvægt að fylgjast með því sem er að gerast úti til þess að geta gripið inni t.d. ef verið er að meiða einhvern eða stríða

Klósett og bleyjuskiptin

Lögð áhersla á

- Einnig góður tími til samskipta og leggja orð á athafnir
- Spjalla við börnin
- Kenna góðar hreinlætisvenjur
- Læsi á líkama

Hvíld

Lögð áhersla á

- Kjörinn tími fyrir góða stund fyrir þau börn sem sofa ekki
- Leggja áherslu á að lesa sögu fyrir þau börn sem ekki sofa. Spjalla um sögunar. Hlusta á sögur og ævintýri

Samverustund og vinastund í salnum

Lögð áhersla á

- Hluti af því að nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að setja fram upplýsingar og nálgast upplýsingar og koma upplýsingum á framfæri
- Gott tækifæri til að leggja áherslu á tjáningu með fjölbreyttum hætti

Flæði

- Krefur börnin um að lesa í umhverfið. Börnin eru komin út fyrir sitt þægindasvið. Það reynir á þau að vera í nýju umhverfi, tjá sig við starfsfólk sem þau eru e.t.v. ekki alvön. Kynnast nýjum börnum

Heilbrigði og vellíðan

Matur

Lögð áhersla á

- Að hvetja börnin á jákvæðan hátt til smakka fjölbreytta fæðu
- Matartíminn sé róleg og notaleg stund þar sem allir er virkir og fá að taka þátt í umræðum
- Börn læri að borða fjölbreytt og hollt fæði og fræðist um mikilvægi þess, það er gert með því ræða við börnin á jákvæðan hátt yfir málsverði
- Að börn læri borðsiði og notkun áhalda miðað við aldur og þroska
- Að börnin temji sér hreinlætisvenjur eins og handþvott fyrir málsverði
- Að börnin séu virkir þátttakendur í undirbúningi málsverða hafi hlutverk og skyldur

Samvera

Lögð áhersla á

- Að allir séu virkir og taki þátt í samverustundum
- Að efla jákvæða sjálfsmynd, frumkvæði og sjálfstæði barnanna með því að skiptast að koma fram, syngja segja sögur eða segja frá, það hvetur börnin til þess að fá trú á eigin hæfni og hver og einn fær að láta ljós sitt skína
- Að stuðla að vellíðan með skemmtun og gleði, syngja söngva, fara með vísur leika hreyfileiki

Hópastarf

Lögð áhersla á

- Að hvetja til náina tengsl og skapa öryggi hjá börnunum með því að hvert barn tilheyri ákveðnum hóp.
- Stuðla að vináttu, samvinnu og samkennd með því vera mikilvægur þátttakandi, það hvetur til
- Að æfa og þjálfra bæði grófhreyfingar og fínhreyfingar barnanna. Með því að skipuleggja leiki og borðvinnu sem vinna með þessa þætti.
- Að efla félagsþroska með því að leggja áherslu á samskipti og framkomu,
- Læra að virða skoðanir og taka tillit til annarra.

Frjáls leikur

Lögð áhersla á í

- Að leikurinn sé mikilvægasta námleið barnsins og börnin fái stuðning og hvatningu til þess að þróa leikinn
- Að börnin fái frelsi til þess að leika sér og upplifa þá gleði sem leikurinn gefur, það eflir bæði andlega og líkamlega
- Að efla félagsfærni barnanna, með því að styðja við leikinn og kenna samskipti, læra að leysa deilur og ágreining á jákvæðan hátt
- Að gefa leiknum nægan tíma og rými með því að hafa dagskipulagið rúmt og hæfilega skipulagt með sveigjanleika
- Að jafnvægi sé á milli skipulagðra leikstunda og frjáls leiks

Útivera

Lögð áhersla á

- Að skapa umhverfi sem er örgrandi, hvetjandi og skemmtilegt
- Að útisvæðið okkar hvetji til fjölbreyttrar hvetjandi hreyfingar sem eflir hreyfiþroska barnanna
- Að stuðla að daglegri útiveru og læra njóta mismunandi veðráttu
- Að börnin fái útrás fyrir orku og gleði og skapandi leikja

Hvíld

Lögð áhersla á

- Að hvíldarstundin sé róleg og notaleg stund
- Að öll börn fái hvíldarstund einu sinni á dag, sú hvíldarstund sé aðlöguð að þroska og þörfum barnsins, t.d. svefn, sögustund eða slökun

Salur

Lög áhersla á

- Að skipuleggja og skapa umhverfi sem hvetur til hreyfinga
- Að skipuleggja leiki og þrautir sem efla hreyfiþroska.
- Að gefa tíma og rými fyrir frjálsan leik og útrás

Klósett

Lögð áhersla á

- Að kenna börnin hreinlætisvenjur við klósettferðir s.s. handþvott.

Fataklefi

Lögð áhersla á

- Að hvetja og kenna börnun sjálfshjálp sem miðast við aldur og þroska barnanna það stuðlar að sjálfstæði og ábyrgð ásamt því að styrkja sjálfsímynd barnanna

Sjálfbærni og vísindi

Matur

Lögð áhersla á

- Að börn smakki fjölbreyttan mat
- Að ræða um uppruna og gerð matar
- Að börnin skiptist á að bera ábyrgð í matartímanum, Umsjónarmaður og Borðþjónn
- Stærðfræði t.d. með talningu og umræðu um borðbúnað og mat
- Að kenna börnum að skammta sér hóflega/magn við hæfi

Samvera

Lögð áhersla á

- Samræður útfrá áhugasviði barnanna
- Kanna og leita lausna á vangaveltum barnanna
- Spyrja opinna spurninga
- Nýta upplýsingatækni til að kanna nánar vangaveltur og hugmyndir barnanna
- Skiptast á að hafa orðið
- Söngva og hreyfileiki

Hópastarf

Lögð áhersla á

- Börnin séu virkir þátttakendur í tilraununum
- Tilraunir með: vatn, liti, snjó, hljóðfæri, gróður, sápu, vind, blöðrur, sand, gras, eld, málningu-litablöndun, leir, verðlaust efni, ljós og skugga, bragð og lykt, sjón og heyrn, áferð, mold, hraða, niðurbrot í náttúrunni
- Gróðursetja og fylgjast með ferli
- Kynnast fjölbreyttri náttúru innan leikskólalóðarinnar
- Vinna með árstíðirnar

Frjáls leikur

Lögð áhersla á

- Að börnin fái að blanda leikefnum saman
- Leik með kubba t.d. holukubba, einingakubba, kapla kubba, lego kubba, plús kubba, duplo kubba
- Leikur með verðlaust efni t.d. tappar, pappakassar, efnisbútar, ílát
- Perlu og pinna

Útivera

Lögð áhersla á

- Umgengni náttúrunnar
- Drullumalla
- Vatnsblöðrur
- Veðráttá
- Veðurfræðingur
- Birtingarmynd krafta í náttúrunni
- Leik í rólu og rennibraut (kraftur og hraði)
- Sullu í pollum og rigningu

Baðherbergi

Lögð áhersla á

- Fara sparlega með handþurrkur
- Nota hóflegt magn af sápu við handþvott

Vettvangsferðir

Lögð áhersla á

- tækifæri til að ræða, skoða og læra um hana og umhverfið, einnig að vekja áhuga barna á að hugsa vel um náttúruna okkar.
- hægt að kenna börnunum þau orð sem eru úti í náttúrunni til dæmis tré, blóm, bíll á erlendu tungumáli. Börnin eiga það til að muna betur ef námið er tengt reynslu.
- Hægt er að grilla úti eða jafnvel elda við bál. Það er hægt að gera matjurtagarða.
- Útivera ýtir undir hreyfingu og úti í náttúrulegu umhverfi hreyfa börn sig gjarnan öðruvísi og fá þá fjölbreyttari hreyfingu heldur en ef þau væru alltaf í eins umhverfi.
- Skoða form og mynstur út í náttúrunni og í samfélaginu. Telja og flokka steina, plöntur og smádyr.

Sköpun og menning

Matur

Lögð áhersla á

- Að kynna börnum fyrir menningararfleið í matarhefð með því að bjóða upp á t.d. þorramat á þorranum og hangikjöt um jólin.
- Kennari getur hvatt til umræðna um ýmislegt sem snýr að listum og menningu t.d bío- og leikhúsferðir.
- Kennari getur hvatt til umræðna um skapandi leiðir við að endurnýta efnivið eins og umbúðir af matvöru.
- Matur getur nýst í sköpun t.d. stimpla með kartöflum og appelsínum, lita hrísgrjón og þræða pasta.

Samvera

Lögð áhersla á

- Að syngja, lesa, förum yfir daginn og veðrið, förum í leiki,
- Við höfum skapað okkur hefðir í kringum afmæli. Afmælisbarnið
- Kennarar hvetja börnin til þátttöku t.d. með því að syngja eða segja frá í samveru eða velja lag til að syngja.
- Útsetningar á lögum er oft breytt með hjálp barnanna t.d. rokkum upp matarlagið.
- Menningartengt: förum í gamla leiki, segjum sögur frá fyrri tíð, syngjum gömul þjóðleg lög. Þetta ýtir undir menningarlæsi.
- Syngjum afmælissönginn á íslensku, ensku og pólsku.
- Þjálfu minnið, læsi, viðhalda sögum, söngvum og hefðum. Með lestir og söng fer skynjun og ímyndunaraflíð af stað.
- Kennari getur hvatt börnin til sögusköpunar með sjálfbærni, heilbrigði og fleiri grunnþætti í huga.
- Kennari getur lesið sögur sem snúa að grunnþáttunum t.d lýðræði, sjálfbærni (verndun jarðar) og fl.
- Lesum bækur um ólíka menningarheima.

Hópastarf

Lögð áhersla á

- Að kynna fyrir börnum fjölbreyttan og ólíkan efnivið og aðferðir við listsköpun.
- Gefa börnunum tækifæri til að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.
- Nýta endurnýtanlegan efnivið í skapandi starf.
- Vinna með menningarhefðir á fjölbreyttan hátt t.d. Krummavísu gætum við myndskreytt eða sett upp á leikrænan hátt. Vinna markvisst með þjóðsögur.
- Gönguferðir og vettvangsferðir um nær og fjær umhverfið t.d. heimsækjum söfn.

Frjáls leikur

Lögð áhersla á

- Að hvetja börnin til að blanda saman efnivið í leik.
- Að börnin séu ráðandi og skapandi í leik.
- Að börnin fái tækifæri til félagslegra samskipta og skapandi lausnamiðaðrar hugsunar.
- Menning spilar oft hlutverk í leik og endurspegla samfélagið, hlutverk fólks og fyrirmynd s.s. foreldra, störf og byggingar

Útivera

Lögð áhersla á

- Heilmikil sköpun fer fram í leik í útiveru t.d. í sandkassanum, skapandi hlutverkaleikir, snjórinn. Verðið og umhverfið getur verið skapandi efniviður í leik og starfi. Gönguferðir um náttúruna og umhverfið getur verið tengt við menningu okkar.